



Stjórnarfundur 20. september 2010.

Til fundarins var boðað með dagskrá.

Á dagskrá voru 9. mál.

Boðaður tími kl. 20:00

Fundur hófst kl. 20:10

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson, Gunnar Freyr Gunnarsson og Andri Örn Jónsson Áskell Fannberg og Ragnar Hilmarsson boðuðu forföll. Aðrir boðuðu ekki forföll.

Mál

1. Þjálfaramál. Ákveðið var að halda æfingartímum næstu mánuði eins og ákveðið var í haust. Einnig að athugað verði að færa þær yfir á helgar og fá aðstöðu fyrir þrekæfingar.
2. Lyklamál. Samþykkt var að setja upp masterkerfi á klúbbaðstöðunni og til að skilja að óskildar einingar innan klúbbsins.
3. Myndavélamál. Gunnar Geir hafði fundið áttarása myndavélakerfi með átta myndavélum sem hægt verði að tengja við netið. Áætlaður kostnaður væri u.þ.b. 120.000 kr. Samþykkt var að skoða þetta frekar.
4. Kerrumál. SÍL er að skoða með flutningskerfur fyrir kænur og mun kynna kostnað við smíði eða kaup síðar.
5. Mótormál. Setja þarf lensidælu með skynjara í Valian 620. Inngjafarspjaldið er einnig brotið og þarf að skipta því út.
6. Æfinarbúðir erlendis. Markús P. hefur boðist til að taka við strákum til æfinga á Spáni næsta vor.
7. Tjónamál. Enn er eftir að ná lendingu á tjónamálinu vegna þernu. Áskell og Gunnar Geir ætla að setja sama reikning fyrir útlögðum kostnaði.
8. Svalir. Ákveðið var að athuga verði með að fá félagsmenn til að hjálpa við að koma svölunum upp vorið 2011.
9. Fatnaður fyrir árshátíð siglingarmanna. Rætt var að samræma klæðaburð félagsmanna.

Fundi slitið kl. 21:45

Siglingaklúbburinn Þytur 19. apríl 1975

Siglingaklúbburinn Þytur Strandgötu 88 220 Hafnarfjörður Sími 555 3422 kt. 680978-0189 www.sailing.is